

**2010 nr. 64 22. júní****Lög um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík**

Tóku gildi 24. júní 2010. Breytt með 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

■ **1. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, og að semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði. Fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt í þessu skyni að leggja félaginu til hluta þeirra lóðarréttinda sem spítalinn hefur yfir að ráða við Hringbraut undir bygginguna.

□ Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 529. gr.

■ **2. gr.** Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, með það að markmiði að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu þegar byggingaverktaki hefur lokið umsömdu verki.

□ Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

□ Stjórn félagsins skal eins og unnt er vinna að verkefnum skv. 1. mgr. í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefnisins.

■ **3. gr.** Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

□ Framkvæmdastjóri skal hafa haldgóða menntun eða reynslu af sambærilegum verkefnum.

□ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

□ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

■ **4. gr.** Hlutfé félagsins við stofnun þess skal vera 20 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

■ **5. gr.** Félagið skal hefja rekstur 1. júlí 2010. Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi félagsins.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.